

Sturla Ómarsson stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Rafn Jónsson yrði kosinn fundarstjóri og Unnur Elín Jónsdóttir Eignastýringu Arion banka myndi rita fundargerð. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lagði til að liðirnir um ársreikninginn og fjárfestingarstefnuna yrðu tekin saman og á eftir honum yrði farið yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Ekki voru gerðar athugasemdir við það. Fundurinn var lýstur lögmætur og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Sturla Ómarsson formaður stjórnar EFÍA fór yfir skýrslu stjórnar:

Árið 2019 var einstaklega gott ár í rekstri EFÍA. Ávöxtun sjóðsins á árinu var sú 3ja besta á síðastliðnum 25 árum en það eru árin 2003 og 2015 sem skiluðu betri niðurstöðu.

Nú í mars mánuði stefndi allt í það að sú gríðarlega góða ávöxtun sem náðist á síðasta ári myndi þurrkast upp í þeim erfiðleikum sem fylgdu Covid.

Sem betur fer hafa markaðir tekið aftur við sér og er ávöxtun það sem af er ári 2020 mjög ásættanleg eða tæplega 3% raunávöxtun. Hins vegar er staðan á mörkuðum þannig að ennþá má búast við sveiflum í ávöxtun þessa árs en við horfum samt jákvæð inni seinni part ársins 2020.

En aftur að árinu 2019 sem var eins og fyrr sagði 3ja besta ár EFÍA ef horft er til síðastliðinna 25 ára en árið skilaði rétt tæplega 10% raunávöxtun, en ávöxtun síðastliðinna 5 sem og 10 ára er um eða yfir 5% sem er vel yfir því 3,5% viðmiði sem lífeyrissjóðum er sett samkvæmt lögum við útreikning á skuldbindingum sínum.

Allir eignarflokkar safnsins skiluðu jákvæðri niðurstöðu en óhætt er að segja að innlend og erlend hlutabréf leiddu góða ávöxtun öllu fremur en aðrir flokkar safnsins. Ávöxtunartölur sjóðsins standast vel samanburð við aðra lífeyrissjóði en Snædís framkvæmdarstjóri mun fara betur yfir þessi mál hér á eftir.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins var einnig góð í lok árs 2019 en hún hafði hækkað úr 1,8% í jákvæða stöðu sem nemur 3,9%.

En það eru blikur á lofti varðandi tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða landsins. Nú er enn stefnt að því að líta til framtíðarhorfa varðandi lífaldur landsmanna en samkvæmt því mun meðalaldur

Íslendinga aukast um nokkur ár og ef þær tölur eru teknar að fullu inn í útreikninga á skuldbindingum sjóðsins gæti það haft þau áhrif á að tryggingafræðileg staða sjóðsins myndi versna töluvert, eða um allt að 10%.

Einnig getur það haft gríðarleg áhrif á stöðu sjóðsins ef við getum ekki náð því 3,5% viðmiði sem lífeyrissjóðum er sett varðandi skuldbindingar sínar. Í því lág vaxtaumhverfi sem við erum komin í verður sífellt erfiðara að ná þessu lágmarksviðmiði en ef það næst ekki þá mun það einnig hafa neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Þannig eru blikur á lofti varðandi tryggingafræðilega stöðu næstu árin en Vigfús mun fara betur yfir þessa þætti í hans yfirferð hér á eftir.

Á síðasta ársfundi var í fyrsta skipti sem það var kosið til stjórnar EFÍA en sjóðfélagar kusu sér þrjá fulltrúa til setu í stjórn en atvinnurekendur tilnefndu sem fyrr 2 einstaklinga til stjórnarsetu.

Óhætt er að segja að þátttaka hafi verið nokkuð góð en tæplega 42% sjóðsfélaga nýttu atkvæðisrétt sinn en til samanburðar hefur kosningahlutfall verið tæplega 20% þegar kosningar hafa verið um önnur mál og vona ég að þetta sé það koma skal og sjóðfélagar sýni sjóðnum og stöðu hans enn meiri áhuga en fyrr.

Samkvæmt samþykktum sjóðsins verður nú kosið til stjórnar á hverju ári og vonast ég til þess að þátttaka verði jafngóð eða betri en hún var í síðustu kosningum.

Ég ræddi á síðasta ársfundi sjóðsins að stjórnin væri að byrja stefnumótunarvinnu sem hefði átt að vera lokið en vegna Covid þá seinkaði lokaskrefum örlítið en þó munum við kynna atriði hér í dag sem kom út úr þessari vinnu..... en það er atriði til breytinga á samþykktum sem gerir núverandi sjóðfélögum sem meðal annars eru í uppsögn, fæðingarorlofi, vilja gera starfslokasamninga eða af öðrum ástæðum heimild til að halda áfram að greiða í sjóðinn.

Í þessari vinnu var kallað var eftir hugmyndum sjóðfélaga í skoðanakönnun og einnig fengum við nokkra sjóðfélaga til að koma með okkur í smá hópavinnu varðandi stefnumótun til framtíðar. Það er gaman að segja frá því að þátttaka var góð en sjóðfélagar voru á öllum aldri og endurspegluðu vel þversnið sjóðfélaga.

Það er óhætt að segja að þessir fundir hafi verið afskaplega vel heppnaðir og vonandi verðið þið vör við einhverjar breytingar sem munu eiga sér stað með haustinu eftir vinnu stjórnarinnar við stefnumótun sjóðsins.

Sem fyrr vil ég ræða um fjármagnshöft sem voru sett hér á eftir hrunið 2008 og afnumin árið 2017. Staða sjóðsins í fjármagnshöftum var mjög frábrugðin öðrum sjóðum en í lok árs 2017 var staða sjóðsins í erlendum eignum innan við 10% af heildareignum meðan eignir annarra sjóða í erlendum eignum var um 25% að meðaltali. Þegar fjármagnshöftum var aflétt var sú ákvörðun tekin innan stjórnar sjóðsins að fara nokkuð hratt út með eignir og staðan í lok árs 2019 var komin í 34% af heildareignum og tel ég að þessi ráðstöfun hafi verið afskaplega vel heppnuð með tillit til ávöxtunar sem og áhættudreifingar.

Hafa verður í huga að aðeins árin 2018 og 2019 hafa að fullu verið án fjármagnshafta þannig að gríðarlega stór skref voru stígin á sitt hvoru árinu.

Heildareignir lífeyrissjóða halda áfram að aukast og var um áramótin um 5 þúsund milljarðar en það er rétt um 167% af landsframleiðslu Íslands. Þegar lífeyriskerfið er orðið svo stórt af landsframleiðslu er ljóst að sjóðirnir verða að sækja í auknum mæli í fjárfestingar erlendis og það verður líklega stefna EFÍA á komandi árum.

Nú í mars gerðu hins vegar allir lífeyrissjóðir landsins samkomulag við Seðlabanka Íslands að halda að sér höndum í erlendum fjárfestingum í 3 mánuði svo ekki þyrfti að koma aftur til fjármagnshafta í kjölfar efnahagslegra áhrifa af Covid veirunni en vonir standa til að ekki þurfi að framlengja þetta samkomulag þannig að lífeyrissjóðunum verði áfram heimilt að fjárfesta erlendis innan skamms. Hins vegar er ekki enn útséð sem stöðu þjóðarþúsins en við skulum vona að ekki þurfi að grípa aftur til fjármagnshafta með tilheyrandi óþægindum.

Vegna títtnefnda Covid veiru og þeirra aðstæðna sem uppi eru í þjóðfélaginu hefur stjórn sjóðsins gripið til ýmissa aðgerða til handa heimilum sjóðsfélaga sem og þeim fyrirtækjum sem tilheyra eignasafni sjóðsins. Þær aðstæður sem upp eru núna hafa komið sérstaklega illa niður á ferðaþjónustu landsins eins og við öll þekkjum og er stjórnin að láta vinna greiningu á því til hvaða aðgerða sjóðurinn getur gripið enn frekar til ...til að aðstoða þau heimili sem lenda í vandræðum á komandi mánuðum.

Það var fyrir rétt um 50 árum síðan að skylduaðild að lífeyrissjóðum var samþykkt í kjarasamningum. En það er gaman að segja frá því að flugmenn samþykktu 16 árum áður eða árið 1953 að greitt yrði af launum inn í Lífeyrissjóð flugmanna en það var árið 1974 sem Eftirlaunasjóður flugmanna var reistur á grunni gamla lífeyrissjóðs flugmanna.

Á þessum 50 árum hafa orðið miklar breytingar en til að mynda voru lífeyrissjóðir landsmanna 96 þegar mest var í kringum 1980 en í dag eru þeir einungis 21.

Frekari samþætting og fækkun lífeyrissjóða á líklega eftir að eiga sér stað á komandi árum en að sameina EFÍA öðrum lífeyrissjóð er erfitt þar sem samþykktir okkar flugmanna eru mjög frábrugðnar öðrum lífeyrissjóðum.

Að lokum langar mig að þakka núverandi stjórnarmönnum fyrir mjög gott samanstarf og sömuleiðis okkar samstarfsfólki hjá Arion banki og þar sér í lagi Snædís framkvæmdarstjóra sem hefur staðið sig frábærlega og getum við sjóðfélagar verið stoltir að hafa eins öflugan framkvæmdarstjóra í okkar röðum eins og raun ber vitni.

2. Ársreikningur kynntur

Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning sjóðsins.

Snædís fór yfir breytingu á hreinni eign frá árinu 2018 yfir á 2019, hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 16,5% á milli ára og var í lok árs 43,5 milljarðar.

Snædís fór yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi miðað við stöðu 31. desember 2019. Hún fór yfir iðgjöld, lífeyri og rekstrarkostnað á árinu 2019. Farið var yfir breytingu á hreinni eign frá 2013 til 2019. Handbært fé í lok árs var 1.482 milljónir króna. Iðgjöld hækka um 8,9% á milli ára. Greiddur ellilífeyrir hækkaði um 4,1% á milli ára og hreinar fjárfestingartekjur hækkuðu um 170% á milli ára.

Snædís fór yfir helstu skýringar í ársreikningnum; skýringu nr. 3.1 greiddur lífeyrir, skýringu nr. 8 áhættuþættir á starfsemi og áhættustýring, skýringu nr. 8.2 um lífeyristryggingaáhættu og skýringu nr. 8.4 um hlutabréfaáhættu. Snædís stoppaði sérstaklega við viðbótarskýringu sem færð var inn í ársreikning vegna covid áhrifa en þar er sett fram sviðsmynd er varpar ljósi á stöðu sjóðsins við veruleg skakkaföll á öllum mörkuðum. Að lokum fór Snædís yfir helstu kennitölur 2019. Farið var yfir hreina ávöxtun árána 2015 til 2019 og meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 og 10 ára. Hrein ávöxtun ársins 2019 var 9,74%, meðaltal hreinnar ávöxtunar síðustu 5 árinu var 5,42% og síðustu 10 árin var hún 4,98%. Snædís fór yfir meðalfjölda greiðandi sjóðfélaga og meðalfjölda á lífeyri árána 2013 til 2019. Farið var yfir hlutfallslega skiptingu lífeyris. Ellilífeyrir var 76,76%, örorkulífeyrir var 8,26%, makalífeyrir 13,52% og barnalífeyrir var 1,46%.

3. Fjárfestingarstefna

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir ávöxtun, eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu EFÍA 2019. Raunávöxtun var 9,7% á árinu 2019, Hjörleifur fór yfir niðurbrot ávöxtunar, innlend hlutabréf gáfu mestan hluta ávöxtunar safnsins sem og erlend hlutabréf. Hjörleifur fór yfir raunávöxtun sjóðsins til lengri tíma litið, frá 1997 – 2019, meðal raunávöxtunin á því tímabili var 3,3%. Hjörleifur fór yfir ávöxtun EFÍA samanborið við aðra lífeyrissjóði, sýndi þróun á erlendum eignum sjóðsins og ræddi hlutfall sjóðfélagalána EFÍA á móti lánveitinga lífeyriskerfis í heild.

Því næst fór Hjörleifur yfir eignasamsetningu sjóðsins, sundurliðun skuldabréfa og hlutabréfa. Hjörleifur fór yfir helstu eignir ársins 2019 og ræddi eign sjóðsins í Icelandair group, bæði beint og óbeint í gegnum sjóði. Nú eru um 1% af heildar eignum sjóðsins í Icelandair.

Að lokum fór Hjörleifur yfir þróun markaða það sem af er ári 2020. Hann fór yfir fjárfestingarstefnu ársins 2020. Helstu breytingar á fjárfestingarstefnunni á milli ára voru:

- Hlutfall erlendra fjárfestinga aukið
- Fjölbreytni erlends eignamengis breikkað
- Dregið úr vægi innlendra hlutabréfa
- Óskráðar innlendar fjárfestingar vega minna
- Dregið úr vægi innlendra ríkisskuldabréfa og innlána
- Aukin áhersla á sértryggð skuldabréf, skuldabréf traustra fyrirtækja og veðskuldabréf
- Sjóðfélagalan hafa náð ákveðnu jafnvægi eftir miklar hækkanir síðustu ár
- Vikmörk aðlöguð í samræmi við áherslubreytingar
- Sérhæfðar erlendar fjárfestingar koma inn í fjárfestingamengi sjóðsins

Hjörleifur sýndi samanburð á fjárfestingarstefnum samtryggingadeilda saman borið við helstu lífeyrissjóði landsins.

Fundarstjóri bað fundarmenn að kynna sig og gaf orðið laust.

4. Tryggingafræðileg úttekt

Vigfús Ásgeirsson fór yfir tryggingafræðilega athugun m.v. árslok 2019. Hann gerði grein fyrir þeim gögnum sem lágu fyrir við matið, sem fengin voru úr Kríu kerfi FUGLA ehf. Vigfús sagði að hann tók þá sjóðfélaga sem greiddu í sjóðinn, sjóðfélagana með geymd réttindi og lífeyrisþegar m.v. lok árs 2019. Áreiðaleiki gagnanna var kannaður með ítarlegum samanburði við gögn síðustu ára og tölur úr



ársreikningi. Vigfús sagði að verið væri að meta eignir og áætlun skuldbindinga EFÍA. Helstu forsendur væru árleg raunávöxtun 3,5%, lífslíkur árána 2014-2018 og 100% af íslenskum örorkulíkum hjá konum og körlum.

Heildarstaða sjóðsins skiptist annars vegar í áfallna stöðu og hins vegar framtíðarstöðu. Áfallin staða er mismunur á núverandi eignum sjóðsins og áföllnum lífeyrisskuldbindingum til sjóðfélaga. Á sama hátt er framtíðarstaðan mismunur á núvirði framtíðariðgjalda núverandi sjóðfélaga og núvirði framtíðarlífeyrisskuldbindinga til sjóðfélaga miðað við tryggingafræðilegar forsendur. Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 2.589 milljónir, í hlutfalli af skuldbindingum 3,9%.

Vigfús fór yfir álagspróf, hvaða áhrif breyttar forsendur hefðu að segja fyrir sjóðinn. Nýja sviðsmynd vegna Covid kreppu þá yrði staðan 1,8%, örorkulíkur aukast um 10% þá mun tryggingafræðilegstaða sjóðsins verða 3,3%. Ef líftöflur hliðrast um 2 ár þá yrði tryggingafræðilegstaða sjóðsins 1,3%. Ef áætluð ávöxtun lækkaði úr 3,5% í 3% þá færi tryggingafræðilegstaða sjóðsins í mínus eða um -5,2%.

Vigfús fór yfir fjöldatölur sjóðfélaga eftir því hvort þeir voru virkir, óvirkir eða lífeyrisþegar. Og sýndi iðgjöld eftir aldri sjóðfélaga, sem hafa hækkað frá árinu 2017. Vigfús fór yfir sögulega þróun á heildarstöðu sjóðsins frá árinu 2007 – 2019.

Vigfús sagði frá samkomulagi nokkurra sjóða um örorkutryggingu, núna er sjóðurinn að greiða en hefur síðustu ár fengið út.

Fundarstjóri bað fundarmenn að kynna sig og gaf orðið laust.


Jóhannes Bjarni spyr, nú er ávöxtun búin að vera góð er ekki löngu komin tími á að hækka aftur réttindin sem voru skert?

Vigfús svarar, í tryggingafræðilegri athugun eru skoðaðar eignir miðað við skuldbindingar sjóðsins. Það þarf góða ávöxtun í lengri tíma ásamt öðrum þáttum svo staðan fari það hátt að hækka megi réttindi.

Vigfús þakkað fyrir sig.

5. Tillaga stjórnar til breytingar á samþykktum sjóðsins

Með breytingunum er opnað á greiðslur sjóðfélagar frá Vinnuálastofnun og Fæðingarorlofssjóði. Jafnframt er opnað á það að sjóðfélagar EFÍA geti áfram greitt til sjóðsins, tímabundið, af launum frá vinnuveitanda utan EFÍA. Breytingarnar snúa að þremur greinum og verður fjallað um þær hverja fyrir sig hér á eftir. Breytingarnar fara í kjölfarið í allsherjar kosningu meðal sjóðfélaga, kosið verður um breytinguna í heild í rafrænum kosningum sem opna kl. 13 í dag og standa til 19. júní.

6


Ný grein: gr. 3.2 – númer annarra greina í 3. gr. hliðrast til samræmis

Tillaga:

Sjóðfélögum er heimilt að greiða tímabundið af launum hjá vinnuveitanda sem ekki hefur gert samning við FÍA sem og af greiðslum frá Vinnumálastofnun og Fæðingarorlofssjóði. Tímabundinn heimild til greiðslu í sjóðinn hefst þegar greiðslum frá launagreiðendum sem gert hafa kjarasamning við FÍA lýkur. Heimild til greiðslu í sjóðinn getur varað í allt að 36 mánuði en stjórn er þó heimilt að framlengja tímabilið í allt að 60 mánuði.

Rökstuðningur:

Með breytingunni er lagt til að sjóðfélögum EFÍA verði gert heimilt að greiða tímabundið af launum frá vinnuveitanda utan FÍA, Fæðingarorlofssjóði og Vinnumálastofnun.

Ný grein: gr. 9.2 – númer annarra greina í 9. gr. hliðrast til samræmis

Tillaga:

lögjöld til lífeyrissjóðsins vegna greiðslna frá Vinnumálastofnun, fæðingarorlofssjóði eða tímabundinna greiðslna frá atvinnurekanda utan FÍA skulu að lágmarki vera í samræmi við gildandi lög um lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð.

Rökstuðningur:

Með breytingunni er tekið á því hvert lágmarksiðgjald til sjóðsins skuli vera af þeim þeim launum sem sjóðfélagi greiðir af til sjóðsins en falla ekki undir kjarasamning FÍA.

Breyting: gr. 9.2 – verður 9.3

Breyting:

Lágmarksiðgjald samkvæmt 9.1.og 9.2 skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrkir, dagpeningar og fæðispeningar.



Rökstuðningur:

Með breytingunni er einnig vísað til nýrrar greinar 9.2 við skilgreiningu á iðgjaldastofni til lágmarksiðgjalds.

6. Stjórnarkjör

Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri fór yfir stjórnarkjör sjóðsins ásamt tilhögun stjórnarkjörs. Stjórn EFÍA er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum, samkvæmt greinum 4.1 og 4.1a í samþykktum sjóðsins skulu sjóðfélagar nú kjósa einn aðalmann og tvo varamenn til stjórnarsetu í tvö ár. Kosningar verða með rafrænum hætti, kosningavef hefur verið stillt upp á heimasíðu sjóðsins og auðkenna sjóðfélagar sig inn í kjörklefann með rafrænum skilríkjum eða íslykli. Opnað verður fyrir kosningu kl. 13 í dag, sagði Snædís. Kosning mun standa yfir til kl. 13 föstudaginn 19. júní 2020. Snædís sagði að tilkynnt verði um niðurstöður kosninga á heimasíðu sjóðsins. Á kjörseðli verða nöfn frambjóðenda til aðalmanns annars vegar og frambjóðenda til varamanns hins vegar. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal kjósa í öll sæti sem í boði eru og þurfa gildir kjörseðlar því að innihalda kosningu til eins aðalmanns og tveggja varamanna. EFÍA ber að tryggja það að fylgt sé 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar, það felur í sér að tryggja skal að hlutfalls hvors kynsins sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna. Í ljósi samsetningar þeirra stjórnarmann sem hafa verið tilnefndir og þeirra sem hafa boðið sig fram er ljóst að kjósa skal einn varamann af hvoru kyni.

Sjóðfélagar sem buðu sig fram til stjórnar kynntu sig, Geirþrúður Alfreðsdóttir, Salvör Egilsdóttir, Sigríður Einarsdóttir og Arna Óskarsdóttir. Úlfar Henningsson og Ívar Atli Sigurjónsson voru fjarverandi.

7. Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfund og laun stjórnarmanna

Sturla fór yfir tilnefningu stjórnarmanna sem ekki voru kjörnir og þá stjórnarmenn sem eiga eftir tíma af sínu kjörtímabili og laun stjórnarmanna. Kjörnir stjórnarmenn 2019 -2021 eru Sturla Ómarsson og Kjartan Jónsson. Kjörinn varamaður er Ingvar Mar Jónsson 2019 – 2021. Fulltrúar atvinnurekanda eru þau Eva Sóley Guðbjörnsdóttir og Magnús Jón Magnússon. Varamenn atvinnurekanda eru þau Ari Guðjónsson og Íris Hulda Þórisdóttir.



Sturla fór yfir launa stjórnar sem miða við FÍA.

Heildarlaun stjórnar á mánuði:

Formaður	315.971 kr.
Varaformaður	236.978 kr.
Stjórnarmaður	157.985 kr.
Varamenn, ef þeir taka sæti	157.985 kr.
Varamenn (fyrir hvern fund)	50.555 kr.

Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:

Stjórnarmaður	50.555 kr.
---------------	------------

8. Val endurskoðanda

Snædís Flosadóttir framkvæmdastjóri EFÍA fór yfir val á endurskoðanda sjóðsins. Farið var þess á leit að óska eftir tilboðum í endurskoðun sjóðsins. Hagstæðasta tilboðið áttu þeir Grant Thornton og Davíð Arnar Einarsson. Snædís þakkaði PWC kærlega fyrir samstarfið.

9. Önnur mál

Ekki var fleira rætt á fundinum.



Rafn Jónsson
Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari